



Fræðslunefnd Blönduósbæjar - 13. fundur

haldinn í Blönduskóla að Húnabraut 2a, 5. nóvember 2015

og hófst kl. 17:15

Fundinn sátu:

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir formaður,
Helgi Haraldsson aðalmaður,
Anna Margrét Jónsdóttir aðalmaður,
Kristín Jóna Sigurðardóttir aðalmaður,
Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri
Lilja Jóhanna Árnadóttir áheyrnarfulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Kristín Jóna Sigurðardóttir, ritari

Dagskrá:

1. Starfsemi vetrarins 2015 / 2016 í Blönduskóla - 1511001

Þórhalla benti á að skóladagatal sé á heimasíðu skólans. Nemendur skólans eru 120. Starfsmannafjöldi er 24. Einn kennari hefur verið í leyfi í einn og hálfan mánuð og kom inn afleysingarkennari í hans stað.

Skólinn er áfram þátttakandi í þróunarverkefninu *Orð af orði*, eins og í fyrravetur. Áhersla verkefnisins er á læsi og orðaforða.

Sveitarfélagið skrifaði undir þjóðarsáttmála um læsi nú í haust og samræmist þróunarverkefnið vel við þær áherslur sem komu fram í sáttmálanum.

Verkefnið *Sterkari stelpur* er að fara aftur af stað í 6. og 7. bekk.

Frábært samstarf er á milli leik- og grunnskóla. Nemendur leikskólans koma í grunnskólann einu sinni í viku og nemendur í 1. bekk fara nokkrum sinnum á skólaárinu yfir í leikskólann. Einnig er skólinn í góðu samstarfi við framhaldsskóla á Norðurlandi t.d. í tengslum við löngreinakynningu á Sauðárkróki og kynningar á framhaldsnámi sem er í boði. Einnig er gott samstarf milli allra skóla á svæðinu.

Starfsþróun kennara er að miklu leiti tengd þróunarverkefninu. En starfsmenn skólans eru nýlega komin heim úr náms- og kynnisferð til Riga í Lettlandi.

Samkensla er töluverð í skólanum, bæði vegna smæðar bekkja og fjölbreytni í kennsluháttum.

Í næstu viku er foreldravika þar sem foreldrum er sérstaklega boðið í heimsókn í skólann og sjá og jafnvel taka þátt í hefðbundinni kennslustund.

2. Framkvæmdir við Blönduskóla - 1511002

Keyptir hafa verið nýjir stólar og borð. 17 fartölvur fyrir kennara og 9 borðtölvur. Stærstu breytingarnar eru matsalur og eldhús í gamla íþróttasal. Einnig almennt viðhald við loftræstikerfi og glugga.

Matsalurinn var formlega tekinn í notkun 2. nóvember síðastliðinn.



3. Þórhalla kynnir áherslupunkta vegna fjárhagsáætlunar 2016 - 1511003

Sagði frá því að hún hafi nú þegar óskað eftir því við Byggðaráð að hægt verði að gera fimm ára áætlun varðandi rekstur, nýframkvæmdir og viðhald skólans. Þórhalla leggur áherslu á að nýframkvæmdir haldi áfram en verði ekki frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15
